

Ragnar Árnason

Eitt eða fleiri fiskveiðistjórnunarkerfi: Samanburður valkosta

Sjávarútvegsráðstefnan

Grand Hótel, Reykjavík

20-21 nóvember 2014

Auðlindir sjávar eru:
Verðmætustu náttúruauðlindir Íslands!

- Miklu verðmætari en orkuauðlindirnar
- Sennilega mun verðmætari en ferðaiðnaður

Í rauninni undirstaða
efnahagslegrar velmegunar á Íslandi!

Án sjávarútvegs: Lífskjör í landinu sennilega **15-25%** lakari
(Svipuð Portúgal eða Grikklandi)

Því er:

Lykilatriði að nýta sjávarauðlindir
eins vel og framast er unnt!

Allt annað grefur undan efnahagslegri velferð
lands og þjóðar

Hvað er góð/besta nýting?

1. “Réttur” afli úr öllum fiskitegundum
2. Veiddur á hagkvæmasta hátt
 - Réttur fjöldi og tegundir skipa
 - Rétt veiðarfæri
 - Á réttum árstíma
3. Veiddur með tilliti til vinnslu og markaðssetningar

Til að ná þessari hagkvæmni þarf:

1. Sterkan veiðirétt útgerðaraðila

⇒ Tæknilega kleift að hámarka verðmæti

Og réttir hvatar til að gera það

2. Sem minnsta brenglun á hvötum

– Þ.e. ekki styrki, uppbætur, sérskatta, boð og bönn o.s.frv.

Almennt viðurkennd sannindi í allri efnahagsstjórn

(Hornsteinn í atvinnurekstri á Vesturlöndum!)

Aflamarkskerfi í hreinni mynd
(aflaheimildir öruggar, varanlegar, framseljanlegar)
fer langt með að ná þessari hagkvæmni!

- Ekki fullkomið, en ekkert betra kerfi fundist
- Reynslan undantekningarlaust góð

Af þessum sökum hafa aflamarkskerfi verið
tekin upp við stjórn fiskveiða út um allan
heim.

Aflamarkskerfi

(Kerfi framseljanlegra aflaheimilda: ITQs)

- Nú algengasta stjórnkerfi fiskveiða í heiminum
 - Aðeins “stjórnleysi” (engin fiskveiðistjórn) er algengari
- Notað af a.m.k. **22** meiriháttar fiskveiðiþjóðum
 - Nýja Sjáland, Ástralía, USA, Kanada, Grænland, Ísland, Holland, Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Eistland, Þýskaland, Bretland, Portúgal, Spánn, Rússland, Marokkó, Namibía, Suður Afríka, Chile, Perú, Falkland o.fl.
- Nálægt **25%** heimsaflans tekinn í aflamarkskerfum!

Aflamarkskerfi í heiminum: Þróun

Áratugur	Upptaka aflamarkskerfa: (fjöldi landa)	Aflamagn (m. tonn)
1970-79	2	0.2
1980-89	5	2.8
1990-99	8	9.0
2000-09	7	11.0
Total	22	23.0*

*Heimsaflinn \approx 85 m. tonn

Því miður hefur okkur ekki lánast að halda okkur við hreint aflamarkskerfi!

Höfum vikið frá því kerfi í ýmsum atriðum:

- (i) Veikt varanleikann og öryggið verulega
- (ii) Lagt á háa brenglandi skatta
- (iii) Veitt hluta aflans undir öðrum kerfum

Öll eru þessi frávík skaðleg

Hér aðeins fjallað um (iii)

A.m.k. þrjú kerfi við fiskveiðistjórn

- (1) Venjulega aflamarkskerfið
- (2) Krókaaflamarkskerfið
- (3) Strandveiðikerfið (hreinræktað samkeppniskerfi)

Auk þess aragrúi af ívilnunum og sérúthlutunum á aflamarki sem rýra hlut og veikja (1) og (2)

Hlutdeild mismunandi kerfa í þorskafla (Fiskveiðiárið 2013-14)

	Hlutdeild í þorskafla
Aflamarks kerfið	73%
Krókaafلامark	16%
Strandveiðar	4%
Byggðakvóti	4%
Línuívilnun	3%
Samtals	100%

Hvert er tjónið?

Gróft mat á glötuðum hagnaði

(Nota bene: Aðeins þorskveiðar)

	Glataður hagnaður (mia kr.)
Aflamarks kerfið	0.0
Krókaaflamark	1.5
Strandveiðar	1.9
Byggðakvóti	0.4
Línuívilnun	0.3
Samtals	4.1

Aðferðafræði: (i) m.v. aflamarkskerfið; (ii) aflamagn og kvótavirði á markaði; (iii) eðli viðkomandi veiða og ívilnana o.fl.

Niðurstaða

Núverandi kerfisfjöldi er þjóðhagslega kostnaðarsamur (ca. 4 mia. kr. og 10% af arðinum)

⇒ Þjóðhagslegt brýnt að

1. Sameina fiskveiðistjórn í eitt aflamarkskerfi
 - Fjarlægja skilin milli almenna og krókakerfisins
 - Afnema strandveiðikerfið
2. Afnema ívilnanir

Þetta er hagur heildarinnar.

VLF hækkar og unnt að tryggja að allir hagnist!



ENDIR